




JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

25. mars 2020 – Pistill nr. 71



Fyrsti sveitarstjórnarfundurinn í fjarfundi

Óhætt er að segja að sveitarstjórnarfundurinn í morgun hafi markað nokkuð tímamót því á dögum KOVID-19 veirunnar fór hann fram í fyrsta skipti í gegnum fjarfund (Teams).

Á grundvelli þess að ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir neyðarstigi almannavarna á Íslandi vegna farsóttar af völdum Covid-19, hefur samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra heimilað fjarfundi á grundvelli tímabundinna breytinga á sveitarstjórnarlögum. Sveitarstjórn samþykkti að nota fjarfundarbúnað á fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins til

18. júlí n.k., án þess að fjarlægðir séu miklar, samgöngur innan sveitarfélags séu erfiðar eða mælt sé fyrir um notkun slíks búnaðar í samþykktum sveitarfélagsins. Jafnframt að engin takmörk verði á fjölda fundarmanna sem taka þátt í fundum sveitarstjórnar og nefnda sveitarfélagsins í fjarfundarbúnaði. Tókst fundurinn ljómandi vel!

Þakklæti til starfsfólks, íbúa og rekstraraðila

Á fundi sveitarstjórnar í morgun fór sveitarstjóri yfir Viðbragðsáætlun Skútustaðahrepps við

heimsfaraldri og aðgerðir sveitarfélagsins í kjölfarið. Viðbragðsteymi ásamt oddvita, formanni skólaneftndar, forstöðumönnum og oddvita hefur fundað reglulega til að fara yfir stöðu mála sem breytist dag frá degi. Mikil áhersla hefur verið lögð á upplýsingagjöf til starfsfólks og íbúa sveitarfélagsins. Sunnudaginn 22. mars s.l. fundaði þessi hópur tvisvar. Í kjölfar tilkynningar heilbrigðisráðherra þann dag var eftirfarandi ákvörðun verið tekin í samræmi við viðbragðsáætlun Skútustaðahrepps: *Í fyrsta lagi vegna hertari aðgerða heilbrigðisyfirvalda í dag, í öðru lagi vegna þess að nú er staðfest a.m.k. eitt smit hjá íbúa sveitarfélagsins og í þriðja lagi vegna þess að staðfest er að hátt í annar tugur af íslenskum ferðamönnum sem dvöldust í Mývatnssveit um síðustu helgi er smitaður af kórónuveirunni, þá liggur fyrir að mikið óvissuástand hefur skapast í sveitarfélaginu. Til þess að gæta ítrustu varúðarráðstafana gagnvart viðkvæmstu íbúum sveitarfélagsins og til að forðast frekari smithættu og hefta frekari útbreiðslu kórónuveirusmits hefur sú ákvörðun verið tekin að fella niður hefðbundið skólalald bæði í leikskólanum YI og Reykjahlíðarskóla frá og með morgundeginum um óákveðinn tíma. Jafnframt hefur verið ákveðið að íþróttamiðstöðinni verði lokað um óákveðinn tíma. Kennarar Reykjahlíðarskóla munu halda úti fjarkennslu með verkefnum á þeim stafræna vettvangi sem þeir hafa valið og munu senda frá sér nánari fyrirmæli og leiðbeiningar á morgun í tölvupósti. Vinsamlegst ræðið þessar nýju upplýsingar við börnin og útskýrið fyrir þeim að nemendur komi til með að vinna að verkefnum heima. Tónlistarkennsla verður áfram í formi fjarkennslu. Viðbragðshópurinn og forstöðumenn munu halda áfram að hittast reglulega, afla upplýsinga og endurmeta stöðuna hverju sinni og halda íbúum sveitarfélagsins vel upplýstum.*

Sveitarstjórn lýsir yfir ánægju sinni með hvernig haldið hefur verið á málum af hálfu starfsmanna sveitarfélagsins þar sem leiðarljósið hefur verið að verja viðkvæmstu íbúa sveitarfélagsins og minnka óvissu eins og hægt er. Að loka grunnskóla,

leikskóla og íþróttahúsi var skynsamleg ákvörðun miðað við aðstæður. Mannauður sveitarfélagsins er mikill og starfsfólkið staðið sig frábærleg vel við krefjandi og fordæmalausar aðstæður. Sveitarstjórn þakkar starfsfólkinu fyrir yfirvegum og skynsemi. Jafnframt hafa íbúar sveitarfélagsins sýnt ákvörðunum sveitarfélagsins skilning og stuðning og samstaðan verið órofin. Þá þakkar sveitarstjórn atvinnurekendum í Mývatnssveit fyrir þá ábyrgð sem þeir hafa sýnt í ákvarðanatöku sinni við afar erfiðar aðstæður. Í ljósi nýrra smita í Mývatnssveit áréttar sveitarstjórn beiðni til fólks um að gæta fyllstu varúðar og fylgja þeim fyrirmælum sem gefin hafa verið út um samkomubann.

Hugað að eldri borgurum

Þórdís

Fjárhagslegar aðgerðir sveitarstjórnar vegna COVID-19 faraldursins

Lagt fram minnisblað Sambands íslenskra sveitarfélaga þar sem er að finna samantekt á hugmyndum og ábendingum að aðgerðum til viðspyrnu fyrir íslenskt atvinnulíf í ljósi þess samdráttar sem blasir við í þjóðarbúskapnum. Stjórn sambandsins mun áfram fylgjast vel með áhrifum þessa samdráttar og móta frekari tillögur að viðbrögðum sveitarfélaga eftir því málum vindur fram. Þá voru kynntar aðgerðir stjórnvalda til að bregðast við áhrifum heimsfaraldurs kórónuveiru sem nemur um 230 ma.kr. eða tæplega 8% af landsframleiðslu. Aðgerðirnar eru þríþættar og miða að því að tryggja afkomu fólks og fyrirtækja, verja grunnstoðir samfélagsins og skapa öflugna viðspyrnu fyrir efnahagslífið. Þar á meðal voru kynntar sértækar aðgerðir til ferðaþjónstunnar upp á 4,6 milljarða auk almennra aðgerða.

Sveitarstjórn fagnar boðuðum aðgerðum ríkisstjórnarinnar sem og Seðlabankans og telur þær skref í rétta átt. Útfærsla tillagnanna er nú til meðferðar þingsins og því enn nokkur óvissa um ýmsa þætti sem varða munu sveitarfélagið og íbúa þess.

Ljóst er að forsendur fjárhagsáætlunar Skútustaðahrepps fyrir árið 2020 eru væntanlega brostnar þar sem talsverður samdráttur er fyrir sjáanlegur þar sem ferðaþjónustan, sem er stærsta atvinnugreinin í sveitarfélaginu, hefur orðið fyrir þungu höggi. Í ljósi sterkrar fjárhagslegrar stöðu sveitarfélagsins, sem nýverið greiddi upp allar sínar langtímaskuldir, er það samhljóma álit sveitarstjórnar að vænlegra sé að halda áætlun hvað varðar nokkuð umfangsmiklar fyrirhugaðar ný- og viðhaldsframkvæmdir sem á áætlun eru á þessu ári. Með því verði stutt við atvinnulíf og umsvif á svæðinu. Þá verði ekki gripið til niðurskurðaraðgerða í rekstri á þessu ári eða því næsta, nema brýna nauðsyn beri til.

Sveitarstjórn samþykkir í samræmi við bókun á síðasta fundi sínum eftirfarandi fyrstu aðgerðir til þess að veita viðspyrnu:

- 1. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps samþykkir eftirfarandi breytingar á gjalddögum í samþykktri gjaldskrá fasteignagjalda árið 2020. Mögulegt er að óska eftir því að gjalddagar sem áttu að vera 1. apríl, 1. maí og 1. júní 2020, frestist um allt að 7 mánuði, enda verði óskað eftir því með tölvupósti á sérstöku eyðublaði á halla@skutustadahreppur.is.*
- 2. Þar sem COVID-19 hefur valdið röskun á þjónustu stofnana sveitarfélagsins, svo sem hjá leikskóla og grunnskóla og fleira þess háttar, þá er sveitarstjóra falið að endurskoða innheimtu með tilliti til notkunar og/eða skerðingar þjónustunnar.*
- 3. Þar sem Íþróttahúsið mun verða lokað í óákveðinn tíma, þá er eðlilegt að tímalengd áskrifta að aðgangskortum sem nú er í gildi framlengist sem lokun nemur.*
- 4. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps felur sveitarstjóra og skrifstofustjóra heimild til fullnaðarafgreiðslu á ofangreindum málum.*

Sveitarstjórn mun í framhaldinu skoða fleiri leiðir til þess að bregðast við ástandinu og felur sveitarstjóra, oddvita, fjármálastjóra og formanni atvinnumála- og framkvæmdanefndar að útfæra

nánari tillögur að frekari aðgerðaráætlun fyrir næsta fund sveitarstjórnar þar sem horft verði til tillagna Sambands íslenskra sveitarfélaga.



Þessi var tekin síðasta mánudagsmorgun. Öll el birtir upp um síðir.

Góður fundur sveitarstjórnar með Mývatnsstofu – Verðum jákvæð því þetta gengur yfir

Sveitarstjórn fundaði síðasta mánudag með ferðaþjónustuaðilum í Mývatnssveit sem eru undir hatti Mývatnsstofu síðasta mánudag til að fá yfirsýn yfir stöðuna. Þrátt fyrir mikið högg er engan bilbug að finna á ferðaþjónustuaðilum á svæðinu sem er ánægjuefni. Búið er að loka flestum hótél og gististöðum en einhverjir þjónustuaðilar eru enn með starfsemi. Rekstraraðilar munu nýta sér þau úrræði sem eru í boði af hálfu ríkisins en starfsmannahald er skiljanlega allt í lágmarki. Hins vegar hafa margir af þeim útlendum starfsmönnum sem búa í sveitarfélaginu ákveðið að vera hér áfram á meðan þetta ástand gengur yfir. Þrátt fyrir afbókanir næstu vikur eru enn að berast bókanir fyrir sumarið. Fram kom í máli ferðaþjónustuaðila að aðalatriðið er að Mývetningar standi saman við þessar erfiðu aðstæður og höfum í huga að þetta er tímabundið ástand. Það birtir upp um síðir og ferðaþjónustan á svæðinu mun komast í gegnum þetta því hér er þrautseigt og bjartsýnt fólk.

Eldri borgurum líður vel

Þórdís Jónsdóttir umsjónarmaður félagsstarfs eldri Mývetninga hefur að undanfögnu haft samband við eldri Mývetninga til að taka púlsinn á þeim í veirufárinu enda eru þeir okkar viðkæmasti hópur í þessum aðstæðum. Að sögn Þórdísar líður eldri

borgurum í Mývatnssveit almennt vel og taka þessu ástandi með ró. Þeir voru þakklátir fyrir að heyra í Þórdísi. Flestir eru með gott net í kringum sig, fjölskyldu og vini. Eldri borgurum er velkomnið að hafa samband við Þórdísi ef þá vantar aðstoð með eitthvað.

Heimsendingaþjónusta Bókasafns

Mývatnssveitar

Vakin er athygli á því að opnunartími Bókasafns Mývatnssveitar er óbreyttur, eða á mánudögum frá kl. 15-19. Bókasafnið er staðsett í kjallara Skjólbrekku. Gestir bókasafnsins eru beðnir að virða 2ja metra fjarlægðarregluna. Bækur sem er skilað inn til bókasafnsins verða sótthreinsaðar og ekki lánaðar aftur fyrr en viku seinna.

Þar sem margir eru heima þessa dagana hefur verið ákveðið að bjóða upp á heimsendingaþjónustu. Hægt er að hringja í Þuríði Pétursdóttur bókasafnsvörð í síma 847 4666 á OPNUNARTÍMA safnsins og panta bækur sem Þuríður er tilbúin til þess að keyra heim til fólks sé óskað eftir því án aukakostnaðar. Skilyrði er að vera lánþegi á safninu, skilasektir verða felldar niður tímabundið. Boðið verður upp á þessa þjónustu þangað til annað verður tilkynnt.

Allar upplýsingar um þjónustu sveitarfélagsins í samkomubanni á einum stað

Upplýsingar með yfirliti yfir þjónustu stofnana sveitarfélagsins á meðan á samkomubanni yfirvalda stendur er að nú að finna á einum stað á heimasíðu sveitarfélagsins (sjá hnappur til hægri á forsíðu). Yfirlitið verður uppfært jafnóðum og breytingar verða. Upplýsingarnar eru einnig á ensku. Þá er rétt að benda á að efst á heimasíðunni (í bláu röndinni) er þýðingahnappur þar sem hægt er að þýða allt efni á heimasíðunni á ensku, pólsku og spænsku. www.skutustadahreppur.is

Umsóknir um fyrri úthlutun menningarstyrkja

Í samræmi við reglur um úthlutun menningarstyrkja í Skútustaðahreppi auglýsir velferðar- og menningarmálanefnd eftir umsóknum til

menningarstarfs í sveitarfélaginu en þetta er fyrri úthlutun ársins 2020. Skútustaðahreppur veitir styrki til einstaklinga, hópa, félagssamtaka, fyrirtækja og stofnana til almennrar menningarstarfsemi eða verkefni.

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Skútustaðahrepps höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Hvernig verkefnið / starfsemin auðgar menningarlífið í Skútustaðahreppi og hvernig fjármunirnir nýtist í því samhengi.
 - Hversu líklegt er að verkið verði framkvæmt, laði að frekara fjármagn og aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
 - Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, sýn umsækjenda og fagleg vinnubrögð.
- Sótt skal um verkefnastyrki á þar til gerðu eyðublaði á heimasíðu Skútustaðahrepps (undir Stjórnsýsla > Skjöl og útgefið efni > Umsóknareyðublað). Umsóknir skal senda á netfangið skutustadahreppur@skutustadahreppur.is. Umsóknarfrestur er til og með 27. mars 2020.

HRÓS DAGSINS...

Fær starfsfólk sveitarfélagsins Skútustaðahrepps fyrir framúrskarandi störf við erfiðar aðstæður að undanfögnu.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fjarfundi að undanfögnu sem langflestir hafa snúist um viðbrögð, upplýsingaöflun og skipulagningar vegna kovid19 veirunnar. Þetta er forgangsmál í dag enda breytist staðan dag frá degi og mikilvægt að bregðast hratt og vel við og miðla upplýsingum. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar. Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri

